Svínhólar í Lóni:

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags



Ritstjóri: Lilja Laufey Davíðsdóttir
Höfundar efnis: Lilja Laufey Davíðsdóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir

Fornleifastofnun Íslands ses.
Reykjavík 2018
FS711-18291

Á forsíðumynd sést heimatún Svínhóla og Svínhólafjall. Bæjarhóllinn SF-014:001 er fyrir miðri mynd og liggja traðir gamla bæjarins SF-014:024 niður frá honum. Ofan við bæjarhólinn sjást klettarnir þrír, Álfaborg SF-014:017A, Kirkja SF-014:017B og Brennuklettur.

© 2018
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
NETFANG: fsi@instarch.is
HEIMASÍÐA: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt 5
1. Inngangur 7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu 11
4. Ágrip af sögu Svínhóla og fornleifaskrá 13
Svínhólar – sögulegar heimildir 14
Fornleifaskrá 15
Niðurstöður 36
Heimildaskrá 39
Útgefnar heimildir 39
Óútgefnar heimildir 39
Heimildamenn 39
Viðauki 1 - Hnitaskrá 40
Viðauki 2 - Minjakort 41

Samantekt

Árið 2016 vann Fornleifastofnun Íslands deiliskráningu í landi Svínhóla vegna fyrirhugaðar byggingar hótels í Össurárdal og annarra bygginga vestan við heimatún Svínhóla. Árið 2018 var farið aftur á staðinn og þá var stærra svæði í kringum heimatún Svínhóla skráð, þar sem fyrirhugað er að þar byggja lúxushótel og nokkur minni hús. Skipulagsreitirnir eru fjórir talsins en voru þrír þeirra voru teknir út í þessum áfanga, svæði 1, 2 og 3. Alls voru skráðar 33 minjaeiningar á Svíhólum en af þeim voru þó 9 fornleifar sem voru innan heimatúns en utan skipulagsreita og helgunarsvæðis. Allar minjar innan skipulagsreita og helgunarsvæðis voru skráðar í stórhættu vegna framkvæmda en minjar í heimatúni utan skipulagsreita voru skráðir hættu vegna framkvæmda. Hlutverk minjanna var mjög fjölbreytt en tengdust langflestar landbúnaði.

1. Inngangur

Á vormánuðum 2018 fór verkfræðistofan Mannvit þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að stofnunin tæki að sér fornleifaskráningu á skipulagsreit í landi Svínhóla, í Lóni. Fornleifaskráningin er unnin fyrir landeiganda, þróunarfélagið ONE, sem hyggst byggja lúxushótel á svæðinu, ásamt minni húsum í kringum hótelið.[1] Áður höfðu verið settar fram hugmyndir um hótelbyggingu inni í Össurárdal og vann Fornleifastofnun Íslands deiliskráningu í tengslum við það 2016.[2]

Deiliskipulagssvæðið skiptist í fjóra hluta en í þessum áfanga voru reitir 1-3 teknir út og fornleifar skráðar. Svæðið sem skráð var í þessum áfanga var alls 35 hektarar.



Hér sést staðsetning Svínhóla í Lóni

Heimildaskráning fyrir verkið var í höndum Kristjönu Vilhjálmsdóttur. Vettvangsvinna fór fram í ágústlok. Hana vann Lilja Laufey Davíðsdóttir sem sá einnig um úrvinnsla, kortagerð og skýrsluskrif.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í kjölfar hans fylgir þriðji kafli þar sem farið er yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Í fjórða kafla verður farið stuttlega yfir Svínhóla.Í kjölfarið fylgir sjálf minjaskráin þar sem fjallað verður um þær fornleifar sem eru innan reitanna þriggja. Í fimmta og jafnramt síðasta kaflanum verður farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni eru viðaukar með hnitaskrá og minjakortum sem sýna dreifingu minja á deiliskipulagsreitnum.

[1] Gunnþórunn Jónsdóttir, 2018.
[2] Lilja Laufey Davíðsdóttir, 2016.



Skipulagsreiturinn skiptist upp í 4 svæði og nær frá Össurá í austri og að landamerkjum Svínhóla við Reyðará í vestri. Reitur fjögur var ekki skráður í þessum áfanga. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „ Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
> e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
> i. skipsflök eða hlutar þeirra.
>
> Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætta á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi



Dæmi um framsetningu minjastaðar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands

sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir

fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir uppmældir og var merkihnit tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskráninni (dæmi: SF-014:002). Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreita þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast í hættu. Í þessari úttekt voru allir minjastaðir innan svæðanna þriggja skráðir í stórhættu vegna framkvæmda vegna þeirrar uppbyggingar sem áætluð er á svæðinu. Þeir minjastaðir sem voru utan við skipulagssvæðið en innan heimatúns, voru skráðir í hættu vegna framkvæmda enda yrði erfitt að komast hjá raski þar sem skráningarsvæðið liggur allt í kringum heimatúnið. Margir þessarra staða, þar á meðal bæjarhóll SF-014:001, er innan við 15 metra frá skipulagssvæðinu og því taldir í stórhættu vegna framkvæmda, þar sem helgunarsvæði fornleifa eru 15 metrar frá ystu mörkum sýnilegra minja. Í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Ágrip af sögu Svínhóla og fornleifaskrá

Bærinn Svínhólar stendur undir rótum Svínhólafjalls. Fjallið er snarbratt og gróðurlaust blágrýtisfjall. Þar sem blágrýtið mætir líparíti í Reyðarártindi eru landamerkin milli Reyðarár og Svínhóla.[3] Heimatún Svínhóla er austast á mjórri landræmu sem nær frá Skiphólum í vestri að Össurá í austri og er mörkuð af Svínhólafjalli í norðri og Lóni í suðri. Túnið er slétt og grasmikið en austan við það er gróðurlítið og örfoka land. Torfrista taldist góð á Svínhólum og sömu sögu er að segja um vatnsból. Hrístaka var í Bæjardal en engin móttaka var á landareigninni, a.m.k. á síðari öldum og óvíst er hvaðan jörðin fékk mó. Heimilisbúar Svínhóla bjuggu einnig við þau hlunnindi að geta veitt silung í Lóninu og samkvæmt Áslaugu Eiríksdóttur, ábúanda Víkur (sem er næsti bær austan við Svínhóla) var helsti veiðistaðurinn Rauðanes. Afréttur Svínhóla er í Össurárdal og þaðan rennur Össurá til suðurs og út í Lónið.[4] Áður rann Össurá mun nær heimatúni Svínhóla en samkvæmt Guðmundi Eiríkssyni frá Vík breytti áin um farveg um 1980 og rennur nú 200-500 metrum austar, beint suður að Lóni, í stað þess að renna meðfram túnum Svínhóla. Landslagið á Svínhólum hefur því tekið nokkrum breytingum á síðustu árum og má ætla að landnotkun hafi breyst í kjölfarið. Þjóðleiðin lá áður neðan við túnin í Svínhólum og má ennþá sjá móta fyrir henni þar (SF-014:038). Bærinn var því í þjóðbraut og var mikill átroðningur á Svínhólum af þeim ferðamönnum sem áttu leið sína um Lónsheiði, áður en bílarnir komu til sögunnar.[5]



Loftmynd af heimatúni Svínhóla. Búið er að merkja inn helstu sjáanlegar fornleifar á loftmyndinni (horft til NNV).

[3] Örnefnaskrá Svínhóla, bls 1
[4] Byggðasaga Austur-Skaftafelsssýslu, bls. 42-43
[5] Byggðasaga Austur-Skaftafelsssýslu, bls. 43

Svínhólar – sögulegar heimildir



Kortið sýnir útlínur túns samkvæmt túnakorti frá árinu 1918 og staðsetningar fornleifa miðað við sama kort.

30.7.1475: Finnur Magnússon prestur selur Þorsteini Árnasyni Hvalnes í Lóni fyrir Árbæ á Rangárvöllum. "Sagdi hann þessari jördu [Hvalnesi] fylgia ætti [...] eingiteig i Svijnholajördu med ummerkium [...]," DI V, 798.

3.8.1525: Ögmundur birkup fær Ásgrími Ásgrímssyni jarðirnar Kvísker og Breiðármörk en "hier j mot hefer hann feingit oss jardernar minna fiord og suinhola er liggia j stafhollzkirkiu sokn til fullrar eignar og frials forrædis," DI IX, 274-275.

1695: Jörðin er metin á 6 hdr, skv. The Old Icelandic Land Registers, 330.

1842: "Svínhólar, [...] heyskaparjörð landlítil, áfoksjörð af sandi, og nokkuð vetrarhörð, helst í norðaustanátt. Skógur enginn en á öllum þessum jörðum er silungsveiði á sumrum, og lúruveiði nokkur," segir í Sýslu og sóknalýsingum, 31.

1847: Jörðin er metin á 6 hdr, bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 2.

"Svínhólar eiga skógarítak á Bæjardal, sem nefnist Svínhólatungur, takmörkin eru; að utanverðu lækjarsytra, sem kemur fram upp af árgljúfrinu innanverðu; að innanverðu eru mörkin lækur sá er rennur framan við Mosvelli. Hvalnes á ítak í Svínhólalandi, sem nefnist Hvalnesleira, mörkin um hana eru þessi: Að vestan Þrætukíll upp að dýi, úr því dýi í upphlaðið mark (hornmark) úr því ráða upphlaðin mörk í Silungaholu úr því ræður Hvalneskíll mörkum ofan í Lón," segir í Landamerkjabréfi no. 140 frá 1884-1958.

Jörðin fór í eyði árið 1960 skv. Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu I, 43.

"Túnið er slétt og grasgefið, austur frá því er gróðurlítið, örfoka land við Össurá. Engjarnar eru utan við Össurá, skammt frá bæ. Land það er flatt og blautlent, en sæmilega grasgefið, er Bæjarós stóð uppi. Þar á Hvalnes ítak, slægjublett, sem kallast Hvalnesleira. Fyrir hana kom tiltekinn fjörustúfur frá Hvalnesi. Þann fjörustúf létu Svínhólar af hendi til Bæjarjarðar gegn hrístöku á Bæjardal, þar sem kallast Svínhólatunga. Heimahagar eru

nærliggjandi bæði fyrir vestan bæ og austan, samhliða þar landinu utan Össurár. Afréttin er Össurárdalur, sem er lítil dalskvompa. Fé þaðan leitar mjög til annarra afrétta, einkum austur á bóginn. Torfrista er góð, vatnsból gott, mótaka engin. Til hlunninda telst silungsveiði í Lóninu," segir í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu I, 42-4

Fornleifaskrá

SF-014:001 *Svínhólar* bæjarhóll bústaður A: 707733 N: 443682

Bæjarhóll Svínhóla. Á bæjarhólnum er lítið klettabelti og þar standa leifar mannvirkja byggð árið 1970. Engin ummerki eru um aðrar minjar á hólnum og hafa þær verið sléttaður í túnið. Horft til norðurs.

Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu I segir: "Frá því um 1860 og til 1938 er oftast tvíbýli á jörðinni." Í greininni Minningahrafl úr Lóni og Hornafirði sem birtist í Tímanum er bæjunum á Svínhólum lýst: "Í Svínhólum var tvíbýli [...] fjórtán manns var í heimili í austurbænum, en tíu í suðurbænum. [...] Baðstofurnar í Svínhólum voru byggðar um aldamótin. Þær voru fallegar með hvítri súð og stofu undir lofti. En galli var á þeim, að þær láku í miklum rigningum. Helluhúsin vildu leka, en þakjárn var torfengið." Tveir bæjir, austur- og vesturbær, stóðu rétt neðan og sunnan við kletta sem eru í túninu og eru þeir merktir inn á túnakort frá árinu 1918. Heimildamenn, systkinin Áslaug og Guðmundur Eiríksbörn sögðu að bæjarstæðið hefði verið flutt 230 m suðvestan við bæ 001, vestast í heimatúnið, á milli áranna 1960-1970, þar sem núverandi bær stendur enn (2018). Gömlu bæjarhúsin voru rifinn um 1970. Áslaug og Guðmundur sögðu að ástæðan fyrir tilfærslunni hafi verið, að sögn þáverandi eiganda, sá strekkingsvindur gengur oft niður Össurárdalinn. Guðmundur man vel eftir bæjarhúsunum á Svínhólum. Austurbærinn stóð þvert yfir austurhluta bæjarhólsins og vísuðu stafnar hans í austur og vestur. Þetta var langt hús og var fjós 023 var samfast bænum, austast á hólnum. Vesturbærinn stóð litlu vestar. Hann var ekki samfastur austurbænum og sneri stafn hans í suður. Bæjarlækurinn rann á árum áður rétt vestan við bæjarhúsin tvö en þegar skurður var grafinn nokkru vestan og ofan við bæina, fór lækjarfarvegurinn í hann og þornaði upp í túninu. Enn sést lítil dæld vestan við bæjarhólinn þar sem lækurinn rann. Bæjarhúsin voru ekki byggð alveg upp við klettana á túninu heldur um 20 metrum sunnan þeirra. Undir númeri 001 var skráður bæjarhóllinn sjálfur og yngstu útihúsaleifarnar (sem ekki eru fornleifar) en fjós 023, kálgarðar 004 og 032 og útihús 003 og 005 voru skráð undir sér númerum.

Bæjarhóllinn er í grasi grónu og sléttuðu túni og eru klettar nyrst í honum. Bæjarhóllinn er 50 x 40 metrar að stærð og snýr u.þ.b norður-suður. Samkvæmt túnakorti voru útihús 003 og 005 og kálgarðar 004 og 032 norðan við sjálf bæjarhúsin. Á bæjarhólnum sjást leifar af hesthúsi, hlöðu og kofa sem byggð voru um 1970. Þær voru



Bæjarhóll Svínhóla. Nyrst á hólnum má sjá uppistandandi mannvirki sem voru byggð um 1970 og flokkast því ekki sem fornleifar. Útlínur bæjarhóls sjást þar í kringum

mældar upp og sjást á uppmælingu af bæjarhólnum. Bæjarhóllinnn hefur verið sléttaður og er því ekki mjög hár, aðeins um 0.4-0.6 metrar á hæð og er hallinn mjög aflíðandi. Gera má ráð fyrir að undir sverði í hólnum leynist ýmsar mannvistarleifar.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918; BAS I, 44; Tíminn 12.4.1970, 285

SF-014:002 heimild bænhús
SVÍNHÓLAR Í LÓNI (AS) (STAFAFELLSÞING) BÆNHÚS
1842: "Munnmæli eru að bænahús hafi verið í Svínhólum, Bæ og Hvammi, en engin merki sjást til þess nú, að kirkjugarður hafi þar verið, heldur eru á þessum jörðum skemmukofamyndir, sem snúa í vestur, og kölluð bænahús, en allar eiga þessar jarðir fjörupart, og víst hefur Hvammur verið stór jörð eins og Bær [...]," segir í Sýslu og sóknalýsingum. (Sóknarlýsing s. Björns Þorvaldssonar 18. okt 1842. SSS, 34-35. Einnig pr. í Jón Þorkelsson 1921 23: 248).

Heimildarmenn, Áslaug og Eiríkur, kannast ekki við bænhús á jörðinni og muna ekki til þess að nein bein hafi komið upp á svæðinu. Þau könnuðust heldur ekki við örnefnið eða þá skemmukofa sem sagt er frá í Sýslu of sóknalýsingum. Ef bænhús hefur verið á Svíhólum máleiða líkur að því að það hafi verið nálægt, eða jafnvel á bæjarhólnum. En þar sem ekki er hægt að staðfesta það eð neinum hætti eru nauðsynlegt að fá frekari heimilda til þess að staðsetja bænhúsið nákvæmlega.

Heimildir: SSS, 33-35

SF-014:003 heimild útihús A: 707728 N:443696
Kálgarður og útihús eru merkt inn á túnakort frá 1918 um 25 metrum norðan við bæ 001. Útihúsið er í NV-horni kálgarðsins. Útihúsið og kálgarðurinn hafa líklega staðið á norðurenda bæjarhólsins, á svipuðum stað og rústir hesthúss byggt 1970 eru nú. Útihúsið gæti hafa verið byggt upp við klettana á bæjarhólnum líkt og gert hefur verið á mörgun stöðum í landi Svínhóla en þar sem Áslaug og Guðmundur, heimildamenn mundu ekki hvort slíkt hafi verið gert eða ekki er erfitt að segja til um það. Áslaug og Guðmundur mundu eftir einhverjum útihúsum á þessum stað, þá sérstaklega fjárhúsi 005, sem var um 20 metrum vestar.

Háir klettar eru nyrst á svæðinu en allt í kring eru sléttuð og ræktuð tún. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið og kálgarðinn á yfirborði. Á svæðinu sjást nú rústir hesthúss sem byggt var um 1970 og líklega hafa útihúsin og kálgarðurinn verið rifin áður en það var byggt.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

SF-014:004 kantur kálgarður A: 707769 N: 443674

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1918 fast sunnan við bæ 001. Kálgarðurinn tilheyrði austurbænum og var austan við traðirnar sem lágu til suðausturs en kálgarður 032 fylgdi vesturbænum. Svæðið hallar lítillega til suðurs þar sem bæjarhóllinn lækkar niður að kálgarðinum. Allt túnið hefur verið sléttað og er enn í rækt. Ekki sjást nein ummerki nema óljós kanntur syðst á svæðinu, austan við traðirnar. Kannturinn er um 14 metra langur og snýr ANA-VSV.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

Kálgarðar 004 og 049, horft til ANA

SF-014:005 heimild fjárhús A: 707712 N: 443686

Í greininni Á víð og dreif eftir Sigurjón Snjólfsson segir: "Byrjað var að koma upp fjósi [023] og lambhúsi. Þá var ég 9 ára [...]," Sigurjón Snjólfsson fæddist árið 1891 og hefur það þá verið í kringum aldamótinn 1900 sem fjósið og lambhúsið hafa verið byggð. Útihús er merkt inn a túnakort frá 1918 um 25 m NNV af bæ 001 og 20 metrum suðvestan við 003 og er það líklega umrætt hús. Heimildamaður, Áslaug Eiríksdóttir man eftir fjárhúsum á þessu stað, norðan við bæ 001. Hún man þó ekki hvort þau stóðu alveg upp við klettana eða stutt frá þeim. Svæðið sunnan við kletttana hefur allt verið sléttað og túnin eru enn í rækt. Ekki sjást nein ummerki um fjárhúsin á yfirborði vegna túnsléttunar.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Sigurjón Snjólfsson, 5; Túnakort 1918

SF-014:006 heimild kálgarður A: 707727 N: 443771

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1918, upp við kletta um 120 m NNA við bæ 001. Kálgarðurinn hefur verið byggður upp við klett sem kallast Brennuklettur og er austasti kletturinn af þremur beint norðan við bæ 001, upp við þjóðveginn. Mikið graslendi er upp við klettana og eru þeir talsvert hærra í hlíðinni en heimatúnið. Þar á graslendisbakka er nokkuð flatlent og mjög skjólsælt fyrir kálgarð. Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn á yfirborði en óljóst er hvers vegna ummerki um hann eru horfin þar sem þetta svæði hefur ekki verið sléttað.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

SF-014:007 hleðsla óþekkt A: 707965 N: 443800



Hleðsla 007 upp við lágan klett, horft til norðurs

Lítil hleðsla er um 260 metrum ANA við bæ 001, upp við lágan klett. Kletturinn er fast vestan við gamlan veg sem liggur NA-SV, neðan við heimatúnið og upp að þjóðveg (vegbúturinn var byggður um 1960 og er því ekki forleif). Svæðið í kringum klettinn er grasi vaxið en þetta er utan við heimatúnið og grasið því fremur hátt. Lítið skjólsælt og slétt svæði myndast upp við klettinn. Hleðslan er torfhlaðin og liggur norður-suður úr fá suðurhlið klettsins, nálægt austurenda hans. Hún er um þriggja metra löng, 1,2 m á breidd og 0,4 m á hæð. Hlutverk hleðslunnar er óþekkt en hún er líklega leifar af einhverskonar gerði upp við klettinn, eða jafnvel kálgarði.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

SF-014:010 *Stekkatún* tóft stekkur A: 708253 N: 443966

Í örnefnaskrá segir: "Annað tún heitir Barð og Stekkatún. Þar tekur við Össurárdalur." Í greininni Á víð og dreif eftir Sigurjón Snjólfsson segir: "Ég var ungur, þegar ég fór með fólkinu á stekkinn og gaman var að bera lömbin í stekkinn." Stekkatún er merkt inn á örnefnakort neðan við þjóðveg um 200 metrum vestan við Össurá. Þar er grænn slettur túnblettur og nokkrir klettar. Stekkurinn eru byggður upp við einn þeirra.

Svæðið er grasi vaxið og hefur verið notað sem beitartún áður fyrr. Víða sést í litlar klettanibbur á svæðinu. Össurárdalurinn er beint norður af stekknum.

Tóftin er 13 x 8 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er torf- og grjóthlaðin og sést í torfhleðslur á nokkrum stöðum, 1-2 umför. Inngangur er á suðurhlið. Tóftin er tvískipt, hólf I er nyrst í tóftinni. Það snýr austur vestur og er 4x2 að innanmáli. Sunnan við það er hólf II sem snýr norður-suður og er 6x3 metrar að innanmáli. Í hólfinu miðju er garði með tveimur umförum af grjóthleðslum. Veggjahæð tóftarinnar er 0.3-0.5 m en garðinn er um 0.3 m á hæð. Veggir eru 2 metrar á breidd en garðinn 1 m á breidd. Mikið grjóthrun er í inngangi tóftarinnar. Liklega hefur tóftin upphaflega verið stekkur sem síðar hefur verið breytt í fjárhús.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Svínhólar, 1; Sigurjón Snjólfsson, 7; Örnefnakort



Stekkur 010 á Stekkjatúni, horft til norðvesturs.

SF-014:016 *Hesthústunga* þúst hesthús A: 707690 N: 443738



Þúst 016 á Hesthústungu, neðan við Álfaborg (sést glitta í hana hægra megin á mynd), horft til norðurs.

Hesthústunga er merkt inn á örnefnakort norðan við bæjarhól 001. Heimildamaður, Áslaug Eiríksdóttir, kannaðist ekki við örnefnið en taldi líklegt að tungan norðvestan við bæinn hafi verið kölluð Hesthústunga og passar sú staðsetning ágætlega við staðsetningu á örnefnakorti. Í túninu neðan við Álfaborg 017 er aflöng þúst í túninu sem gæti verið leifar sléttaðs útihúss. Þústin er 70 metrum norðvestan við bæ 001 og tæpum 20 metrum sunnan við útihús 042.

Svæðið hefur verið sléttað og eru þar nú tún í rækt. Þústin í túninu er 18x12 metrar að stærð og snýr austur-vestur. Hún er frekar há, eða allt að 1,5 m að sunnan en mun flatari að norðan. Því gæti hugsast að þetta sé gróin klettanibba en þústin fær að njóta vafans þar sem hún er innan framkvæmdasvæðisins. Austast á þústinni er svæði sem rís hærra en aðrir hlutar hennar og er það svæði 6x6 metrar að stærð.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Örnefnakort

SF-014:017 *Álfaborg* örnefni huldufólksbústaður A: 707706 N: 443757

Huldufólksbústaðirnir Álfaborg (neðar á mynd) og Kirkja, horft til norðvesturs

Álfaborg og Kirkja eru merkt inn á örnefnakort norðan við bæjarhól 001, nærri þjóðvegi. Heimildamaður, Áslaug Eiríksdóttir, þekkti ekki til örnefnanna en á svæðinu eru þrír stórir klettar sem eru líklega þeir sem merktir eru inn á örnefnakortið, Álfaborg 017A vestast, Kirkja 017B í miðjunni og Brennuklettur austast. Ef einhverjar þjóðsögur hafa tengst örnefnunum, þá eru þær því miður glataðar nú. Klettarnir þrír eru beint norður af bæ 001, Álfaborg 017A er 80 m NNV við bæ enn Kirkja 017B tæpum 100 m NNV við bæ 001.

Mikið af klettum eru ofan við heimatúnið og eru þessir þrír eru þeir stærstu á svæðinu. Grasi gróin svæði eru á milli klettanna og sumstaðar er nokkuð mýrlent. Klettarnr eru þverhníptir að sunnan en aflíðandi norðan til. Norðurhluta Kirkju 017B

hefur verið rutt í burtu þegar þjóðvegurinn var gerður en hann liggur alveg upp við hann að norðanverðu. Norðurhlíðar klettanna eru grasi grónar og er svæðið ágætis beitiland. Túngarður 025a liggur yfir og á milli Álfaborgar og Kirkju.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Örnefnakort

SF-014:018 *Fjárhúsklettar* tóft fjárhús A: 707835 N: 443762

Tóftir 018, 020 og 022 við Fjárhúsklett, horft til norðurs (vinstri) og tóft 018, horft til suðurs (hægri).

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918, upp við kletta við norðausturjaðar heimatúnsins, um 160 m norðaustan við bæ 001. Á örnefnakorti eru Fjárhúsklettar merktir inn á svipuðum stað. Í greininni Á víð og dreif eftir Sigurjón Snjólfsson segir: "Heldur var þetta lítil jörð, túnið lítið og þýft, tvö fjárhús [005 og 018], ein lítil hlaða [022], ekkert fjós," . Undir Fjárhúsklettum eru þrír minjastaðir, þrískipt fjárhústóft 018, tóft og rétt 020 og hlaða 022. Fjárhústóftin sem örnefnið dregur nafn sitt af er að öllum líkindum 018.

Tóftin eru byggð upp klett sem er, líkt og aðrir klettar á svæðinu, aflíðandi að norðan en þverhníptur að sunnan. Sunnan við klettinn er austurhluti heimatúnsins en tóftirnar eru í jaðri þess.

Tóftin er 16 x 14,5 metrar á stærð og snýr austur- vestur. Hún skiptist upp í þrjú hólf, hólf I og III eru sunnan til í tóftinni en hólf II er að milli



Uppdráttur af tóftunum við Fjárhúsklett.

hinna tveggja, er L-laga og nær norðan við hólf I. Tóftin er torf og grjóthlaðin og líklega hafa verið timburþil á suðurhliðum hólfa I og III. Hólf I er vestast í tóftinni og er það opin út til suðurs. Innanmál þess er 7,5x3 m og veggjahæð eru um 1,5 m. Á innanverðum veggjum hólfisns sjást 8 umför af grjóthleðslu sem er vel hlaðin. Hólf II er austan við hólf I og er að L-laga. Það er 11 m að lengd og 2 metrar að breidd (þar sem það snýr norður-suður) en 6 metrar á lengd og 2 m á breidd (þar sem það snýr austur-vestur). Þetta hólf hefur líklega ekki verið undir þaki og gæti hafa verið notað sem aðhald eða heystæði. Veggjahæð er 1.2-1.5 m. Hólf III er austast í tóftinni og innanmál þess er 4.5x2 metrar. Veggjahæð er um 1 metri og þar sjást 4-5 umför af hleðslu. Tóftin er nú notuð sem geymsla fyrir ýmist drasl, bæði timbur og bárujárnsleifar sem og ýmis heyvinnslutæki.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918; Örnefnakort; Sigurjón Snjólfsson, 5

SF-014:019 *Réttarhálsar* heimild rétt A: 707424 N: 443655

Á myndinni til vinstri má sjá réttina á Réttarhálsi (Heimild: 360° götusýn á ja.is), horft til suðausturs en á myndinni til vinstir hefur réttin verið fjarlægð, horft til VNV.

Réttarhálsar eru merktir inn á örnefnakort norðvestur af Bæjarhól (001), nærri þjóðvegi. Rétt var þétt upp við girðinguna við þjóðveginn, rúmum 300 m vestan við bæ 001 og 5 m sunnan við þjóðveginn. Réttin sést mjög vel á loftmyndum frá 2013 en þegar komið var á vettvang í desember 2016 þá var hún horfin.

Þar er nú mikil möl, bæði utan við og innan við girðingu og sést að átt hefur eitthvað við veginn. Þar er svolítil lág í landinu.

Hægt var að lýsa réttinni nokkuð vel á loftmyndum og af vegamyndum frá ja.is, þátt fyrir að hún hafi verið fjarlægð. Hún var 16 x 13 m að stærð og snéri ASA-VNV. Hún var grjóthlaðinn og hafa veggir líklega verið um 0,5 m á hæð. Hún var opin til suðurs. Enginn veggur var hlaðinn til norðurs heldur hefur hún afmarkast af girðingunni sem liggur samsíða þjóðveginum. Réttin skiptist í tvö hólf og hefur það minna verið 9 x 3 að innanmáli og það stærra verið 10 x 9 m að innanmáli. Réttin var upphaflega skráð árið 2016 en er innan núverandi deiliskipulagsreit.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Örnefnakort

SF-014:020 tóft útihús A: 707854 N: 443767

Tóft 020, horft til NNV.

Undir Fjárhúsklettum eru þrír minjastaðir, þrískipt tóft 018, hlaða 022 og útihústóft/ rétt sem skráð er undir þessu númeri. Tóftin/réttin er ekki merktar inn á túnakort frá 1918 og eru því líklegast byggðar eftir 1918. Mannvirkin eru byggð undir klettum þó svo að klettarnir séu ekki notaðir sem norðurveggur tóftarinnar. Klettarnir gefa ákveðið skjól frá vindum enda getur komið strekkingsvindur frá Össurárdalnum.

Kletturinn er, líkt og aðrir klettar á svæðinu, aflíðandi að norðan en þverhníptur að sunnan. Sunnan við klettinn er heimatúnið en tóftirnar eru í jaðri þess.

Tóftin er 21x17 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er torf- og grjóthlaðin og skiptist í tvö hólf. Hólf I er vestast í tóftinni og er líklega rétt eða aðhald. Í innanverðri réttinni sjást 5 umför af grjóti. Veggir eru 1-2 m á hæð og um 2 metrar á breidd. Innanmál réttarinnar er 14x8 m og er tóftin að mestu opin til suðurs og vesturs fyrir utan óljósar lágar torfhlaðnar vegghleðslur, um 0.2 m á hæð sem gætu verið undan timburgrindum. Þær stúka af 4 lítil hólf innan réttarinnar, hólf Ia-Id. Hólf Ia er nyrst í tóftinni, er 9x3,5 metrar að stærð og snýr austur-vestur. Hólf Ib er staðsett suðvestan við hólf Ia. Það er 4,5x3 metrar að stærð og snýr norður suður. Hólf Ic er suðaustast í réttinni (hólfi I), er 6x2,5 m að stærð og snýr norður- suður. Hólf Id er vestan við Ic, er 8x1 m að stærð og snýr norður-suður. Líklega hafa verið timburgrindur fyrir suður- og vesturhliðum þótt engar leifar sjáist eftir þær. Hólf II er austan við hólf I og er það 7x4 m að innanmáli. Suðurveggurinn er alveg opinn og hefur verið timburþil á þeim vegg. Innan hólfsins sést í grjóthleðslur, 4-5 umför og er hæð vegga 1-1,5 m. Líkt og tóft 018 er þessi notuð sem geymsla fyrir heyvinnslutæki og annað rusl. Á milli tóftanna myndast einnig smávegis bil og þar er geymdur stór timburvagn.



Uppdráttur af tóftunum við Fjárhúsklett.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

SF-014:021 hleðsla smalakofi A: 708261 N: 443968



Skýli 021 austan við stekk 010, hoftt til austurs

Hrunin hleðsla og grjóthrúga eru 5 metrum austan við stekk 010 og 610 metrum austan við bæ 001. Hleðslan er byggð við suður enda L-laga kletts og ofan á norðurenda klettsins er hrúga af grjóti. Líklega hefur þetta verið einhverskonar skýli eða smalakofi sem var nýttur þegar setið var yfir ánum á svæðinu.

Svæðið er grasi vaxið og hefur verið notað sem beitartún áður fyrr. Litlar klettanibbur standa víða upp úr grassverðinum. Þjóðvegurinn er 100 metrum norðan við minjarnar og norðan við hann blasir Össurárdalur við. Skýlið er byggt við klettinn og er 3x2 metrar að innanmáli. Kletturinn myndar norður- og austurvegg, ásamt hleðslunum. Engir veggir eru fyrir suður- og vesturhliðum. Kletturinn er um 0.6 m á hæð og veitir því auðveldlega skjól sé setið upp við hann. Hleðslan við suðurenda klettsins myndar framlengingu til suðurs og grjóthrúgan upp á klettinum hefur líklega verið til þess að hækka hann og mynda meira skjól. Hleðslurnar eru mjög hrundar og óreglulegar og aðeins um 0.2-0.3 m á hæð einar og sér en gefa þó enn, ásamt klettinum, gott skjól frá vindstekkingi úr Össurárdal.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

SF-014:022 dæld hlaða A: 707824 N: 443968



Hlaða 022 við Fjárhúskletta, horft til austurs.

Í greininni *Á víð og dreif* eftir Sigurjón Snjólfsson segir: "Heldur var þetta lítil jörð, túnið lítið og þýft, tvö fjárhús [005 og 018], ein lítil hlaða, ekkert fjós." Líklega voru flest þau mannvirki sem Sigurjón lýsir undir Fjárhúsklettum

þar sem eru þrír minjastaðir, þrískipt tóft 018, tóft og rétt 020 og hlaðan sem hér er skráð. Hlaðan er staðsett fast norðan við tóft 020 og er niðurgrafin.

Kletturinn er, líkt og aðrir klettar á svæðinu, aflíðandi að norðan en þverhníptur að sunnan. Sunnan við klettinn er heimatúnið en tóftirnar eru í jaðri þess. Hlaðan er 8x6.5 m að stærð og snýr austur-vestur. Fjárhúskletturinn er notaður sem norðausturveggur hlöðunnar. Erfitt er að gera sér grein fyrir dýpt hennar þar sem að miklu spýtna- og bárujárnsrusli hefur verið hent ofan í hana. Núverandi dýpt hennar er um 0.6-0.8 m. Það sést í hleðslur í suður- og vesturhluta dældarinnar en þær eru mjög grónar og því sést aðeins 1 umfar þó svo að þau virðist vera fleiri.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Sigurjón Snjólfsson, 5

SF-014:023 heimild fjós A: 707749 N: 443690

Í greininni *Á víð og dreif* eftir Sigurjón Snjólfsson segir: "Byrjað var að koma upp fjósi og lambhúsi [005]. Þá var ég 9 ára [...]," Sigurjón Snjólfsson fæddist árið 1891 og fjósið og lambhúsið hafa þá verið byggð í kringum aldamótin 1900. Áslaug Eiríksdóttir og Guðmundur Eiríksson, heimildamenn, muna vel eftir fjósi rétt austan við bæjarstæðið á Svínhólum og sagði Guðmundur að fjósið hefði verið samfast austurbænum og verið austast á bæjarhólnum. Ekkert útihús er merkt inn á túnakortið 1918 austan við bæinn og því má ætla að það hafi verið talið með bæjarhúsunum. Austan við bæjarhólinn er sléttað og ræktað tún. Ekki sjást nein ummerki um fjósið á yfirborð vegna sléttunnar.

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918; Sigurjón Snjólfsson, 5

SF-014:024 gata traðir A: 707781 N: 443653

Traðirnar liggja frá bæjarhólnum til suðausturs, horft til VNV

Traðir eru merktar inn á túnakort frá 1918 og lágu frá bæ 001 til suðausturs, niður að þáverandi þjóðleið 038. Þær skiptu upp vestur- og austurhluta túnanna sem tilheyrðu sitthvorum bænum á Svínhólum. Áslaug Eiríksdóttir og Guðmundur Eiríksson, heimildarmenn, mundu ekki til þess að þarna hafi einhverntíman verið upphlaðnar traðir, aðeins gata. Túnið hefur verið sléttað og er ennþá slegið en svæðið þar sem traðirnar voru hefur fengið að halda sér að mestu leyti.

Traðirnar sjást sem gata í túninu. Þær eru 160 metrar að lengd og 3 metrar að beidd. Hjólför eru í þeim sitthvoru megin og túngarður vesturbæjartúnsins 043 liggur meðfram hluta þeirra að norðvestanverðu. Suðaustast sameinast traðirnar vegibúti sem lagður var um 1960 en nokkru sunnar er gamla þjóðleiðin 038, þar sem hún gengur að gamla árfarveg Össurár og hvefur þar.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918; Sigurjón Snjólfsson, 5



Uppdráttur af tröðum 024, á myndinni sjást einnig rétt 039 og hluti túngarðsins 025D

SF-014:025 garðlag túngarður A: 707701 N: 443768

Í greininni Á víð og dreif eftir Sigurjón Snjólfsson segir: "Fyrri tíða menn hafa þó girt tún sín, ég sá vel móta fyrir gömlum túngarðsbrotum í Svínhólatúninu, en lítið hefur það tún verið." Á túnakorti frá 1918 sjást útlínur túnsins á Svínhólum en Áslaug Eiríksóttir, heimildamaður, man ekki eftir túngörðum á svæðinu. Leifar túngarðs sjást á milli klettanna (Álfaborg 017A, Kirkja 017B) ofan við bæ 001 og þar liggur hann áfram til austurs meðfram þjóðveginum, áður en hann beygir aftur til suðaustur, austan við Fjárhúsklett 018. Hluti túngarðar sést einnig við traðir 024. Svæðið er grasi vaxið og flatlent upp við klettana en þýfðara austan við klettana. Svæðið er frekar blautt þar sem vatn rennur undan rótum fjallsins.Víðsvegar stigast upp klettar.

Túngarður 025A, horft til vesturs (vinstri) og túngarður 25B, horft til austurs (hægri).

Túngaðurinn skipist upp í fjóra hluta. Hlutar A-C tilheyra túni austurbæjar Svínhóla en D túni vesturbæjar.

Túngarður 025C, horft til VSV (vinstri) og túngarður 025D, horft til NNV (hægri).

Hluti A liggur á milli Álfaborgar 017A og Kirkju 017B, hluti B liggur meðfram þjóðveginum og beygjir svo til suðausturs, hluti C liggur í beinu framhaldi af B, neðan við kletta og hluti D liggur meðfram tröðum 024. Hluti A er um 16 metra langur og snýr norður-suður. Hann er 1.2-1.5 m að breidd og 0.3 m á hæð. Hluti B liggur frá austurhlið Kirkju 017B til austurs á 120 metra löngum kalfa. Hann beygir svo til suðausturs og liggur áfram í um 20 m en stoppar ofan á lágum klettum. Þessi hluti túngarðarins er 1- 1.5 m á breidd og hæð hans er 0.5-0.9 m. Hluti C liggur neðan við klettana þar sem hluti B hvarf, í beinu framhaldi af honum. Hann liggur SA-NV á 13 m löngum kafla. Hann er um 0.5 m á hæð og 1.3 m á breidd. Fjórði hluti túngarðsins, D, liggur eins og áður sagði meðfram suðvesturhlið traðanna og hefur verið hluti af túngarði vesturbæjartúnsins. Hann liggur NV-SA á 86 m löngum kafla.Túngarðurinn er 1 m á breidd og 0.2-0.4 m á hæð. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í neinum túngarðanna og líklega er hann að mestu torfhlaðinn. Túngarðsbútarnir passa mjög vel við túnamörk frá 1918 sem bendir til þess að túnið hafi ekki verið stækkað til norðurs, enda stutt í rætur Svíhólafjalls frá norður jaðri heimatúnsins.



Uppmælingar af túngarði 025

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918; Sigurjón Snjólfsson, 13

SF-014:031 garðlag óþekkt A:443618 N: 707444

Garðlag 031, horft til suðausturs



Uppmæling á vettvangi af garðlaginu

Hlaðið garðlag er 300 m VNV við bæ 001 og 60 m suðaustan við þjóðveginn. Það liggur við norðurjaðar mýranna á svæðinu, nokkrum metrum sunnan við rétt 019 sem hefur nú verið fjarlægð. Þar er deiglend mýri til suðurs en þurrt grasi og mosavaxið svæði til norðurs.

Garðlagið snýr austur-vestur og er alls 12 m langt. Það skiptist niður í tvo 4,5 m búta og eru 3 m á milli þeirra. Garðlagið er 0,5 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð. Það er hlaðið úr frekar stóru grjóti og minni steinum hlaðið upp á milli þeirra stóru, til að fylla upp í götin. Það er ein röð af grjóti í garðlaginu og 1-3 umför. Hugsanlega hefur hlutverk garðlagsins tengst eitthvað því að það er á jaðri mýrarsvæðisins. Hugsanlega hefur það verið hlið inn á þurra svæðið. Það er beint fyrir neðan lágina sem réttin stóð í og gæti því verið tengd notkun hennar. Annars er hlutverk þess óljóst. Garðlagið var upphaflega skráð árið 2016 en er innan núverandi deiliskipulagsreit.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda

SF-014:032 kantur kálgarður A: 707745 N: 443658

Kálgarðar 004 og 032, horft til ANA

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1918 fast sunnan við bæ 001. Kálgarðurinn tilheyrði vesturbænum á Svínhólum og var austan við traðir 024 sem lágu til suðausturs. Kálgarður 004 fylgdi austurbænum og var austan við traðirnar. Svæðinu hallar lítillega til suðurs þar sem bæjarhóllinn lækkar niður að kálgarðinum. Allt túnið hefur verið sléttað og er enn í rækt.

Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn nema óljós kantur syðst á svæðinu, vestan við traðirnar. Kanturinn er um 14 metra langur og snýr ANA-VSV

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

SF-014:033 þúst óþekkt A: 707569 N:443513

Þúst er 40 m sunnan við núverandi bæjarstæði og tæpum 250 m suðvestan við bæ 001. Þústin er þar sem heimreiðin heldur áfram sunnan við bæinn og beygir til austurs í gegnum túnin á bænum. Þústin er í jaðri gamla heimatúnsins.

Umhverfis þústina er nú grasi vaxið smáþýft og óræktað svæði. Lítið mýrarsvæði er til vesturs og gamla heimatún bæjarins til austurs.

Þústin er 7 x 4 m á stærð og snýr austur-vestur. Það sést hugsanlega móta fyrir einhverjum veggjum og þá opi á norðurhlið hennar. Þeir eru 0,2 m á hæð. Það sést sömuleiðis móta fyrir óljósri dæld í miðjunni. Þústin er mjög nálægt heimatúninu en fellur ekki innan deiliskipulagsreitsins heldur er hún 20 m austan við hann. Hún var hinsvegar tekin með í athugunina sökum þess hve nálægt framkvæmdareitnum hún er. Þústin var upphaflega skráð árið 2016 en er innan núverandi deiliskipulagsreit.

Mynd 17. Þúst 014:033, horft til suðvesturs

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

SF-014:037 þúst útihús A: 707900 N:443720



Þúst 037 í jaðri sléttaðs heimatúnsins, horft til norðurs (vinstri) og uppmæling af þústinni (hægri).

Þúst er í austurjaðri heimatúns Svínhóla, tæpum 170 metrum autan við bæ 001 og 60 m SSA við Fjárhúsklett 018. Hún er um 20 metrum vestan við austurbrún heimatúnsins, í jaðri sléttaðs heimatúns sem enn er í rækt.

Þústin eða hóllinn er 21x13 metrar að stærð og snýr NV-SA. Hann er hærri að sunnan en sléttast nánast alveg niður í túnið að norðan. Tvær mishæðir eru í hólnum og þar stingst upp grjót svo ekki er hægt að slá þann part af hólum. Hugsanlega er eitthverskonar mannvirki þarna undir hólnum en þó gæti þetta einnig verið einn af þeim fjölmörgu klettum sem leynast í landinu. Hóllin er 35 m frá áætluðu framkvæmdarsvæði og fær því að fljóta með.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

SF-014:038 gata leið A: 707735 N: 443720

Þjóðleið 038 sést ennþá neðan við heimatúnið, horft til austurs

Samkvæmt Guðmundi Eiríkssyni, heimildarmanni, lá gamli þjóðvegurinn neðan við tún Svínhóla, allt til ársins 1970 þegar núverandi þjóðvegur var byggður. Gamla þjóðleiðin sést á kort af Íslandi frá 1936. Þar sést hún neðan við tún Svínhóla en tvístrast svo utan við túnið og gengur annarsvegar í átt að Lónsheiði og hinsvegar að Vík.

Svæðið neðan við tún Svínhóla er yfirleitt grasi gróið og flatlend. Þegar komið er vestan við túnin verður svæðið þýfðara en þó enn flatent. Vestast við Skiphólana er svæðið nánast gróðurlaust.

Vegurinn sést á flestum stöðum sem gróinn vegslóði með hjólförum í og stundum smávegis grjóti. Hann liggur yfir þvert yfir landareign Svínhóla en heldur áfram til beggja átta inn á land Víkur í austri og Reyðarár í vestri. Í landi Svínhóla liggur hann á 2 km löngum kafla og er 3-4 m breiður. Hann er ekki upphlaðinn.

Uppmæling á þjóðleiðinni, heimatún Svínhóla sést efst í horninu á myndinni.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Uppdráttur Íslands 1936

SF-014:039 gerði rétt A: 707895 N: 443571



Rétt 039, horft til suðurs (vinstri) og uppmæling af tóftinni (hægri).

Rétt er 200 metrum suðaustan við bæ 001 við suðvesturenda traða 024, þar sem traðir mæta vegbút sem byggður var um 1960. Túngarður 025D liggur 1,5 m norðvestan við hann og þar gæti hafa verið hlið á túngarðinum við hornið á réttinni. Áslaug Eiríksdóttir og Guðmundur Eiríksson, heimildarmenn, segja að réttin hafi verið byggð löngu fyrir 1950 og að hún hafi oftast verið notuð sem aðhald fyrir hesta.

Umhverfis réttina eru sléttuð tún í rækt. Réttin er 9 x 8,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er torf- og grjóthlaðin og sjást 3-4 umför af grjóti allan hringinn að innanverðu. Suðvesturveggur er þó mun grónari en hinir og er stutt í að hleðslurnar hverfi alveg í gróðurinn. Veggjahæð er 0.7 m og breidd veggja 1,5 m. Innanmál réttarinnar er 6x5 metrar og inngangur er vestast á norðurvegg.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

SF-014:040 heimild útihús A: 707763 N:443601

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 tæpum 90 metrum SSV við bæ 001 og tæpum 25 metrum VSV við útihús 044. Útihúsið hefur staðið um 20 metrum austan við bæjarlækinn eins og hann rann áður en skurður var grafinn við vesturhlið túnsins en dæld eftir lækinn sést enn í túninu. Útihúsið er í sléttuðu túni sem enn er í rækt. Ekki sáust nein ummerki um útihúsið á yfirborði vegna túnsléttunar

Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

SF-014:041 varða óþekkt A: 707742 N: 443776

Varða 041 uppi á Brennukletti, horft til suðurs

Varða er uppi á toppi Brennukletts, um 25 m sunnan við þjóðveg og rúmum 90 m NNA við bæ 001. Brennuklettur er austasti kletturinn af þremur stærstu klettunum norðan við bæjarhólinn og mynda klettarnir þrír (Álfaborg 017A, Kirkja 017B og Brennuklettur) þríhyrning og er sléttur grasbali á milli þeirra.

Brennuklettur er þverhníptur að sunnan, líkt og aðrir kelttar á svæðinu, en afíðandi og grasi gróinn að norðan. Varðan frekar lítil og hefur verið hrúgað upp á hæsta klettinn fremur en hlaðin. Það eru ekki margir steinar í henni og ekki er hún mjög fornleg. Í henni eru bæði smáir sem og stórir steinar. Hún er 1 x 1 m að stærð og hæð hennar er um 0.3 m. Stóru steinarnir eru neðst og smærri steinar í miðjunni og ofarlega. Neðsti hluti hennar er gróinn. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

SF-014:042 tóft útihús A: 707686 N: 443756



Tóft 042 upp við Álfaborg, horft til NNA (vinstri) og uppmæling af tóftinni (hægri).

Tóft er upp við vesturhluta Álfaborgar 017A, tæpum 85 metrum NNV við bæ 001 og 15 metrum vestan við túngarð

025A. Tóftin er í vesturhluta túnsins, sem tilheyrt hefur vesturbæ Svínhóla, í jaðri Hesthúsatungu 016, rúmum 20 m sunnan við þjóðveginn. Svæðið er grasi gróið og hallar landið niður frá klettunum til suðvesturs. Nokkur grenitré eru um 6 metrum norðvestan við tóftina, nær þjóðveginum. Ræktuð tún eru til suðurs og vesturs.

Tóftin er 4,5x4 m að stærð, er einföld og snýr NNA-SSV. Hún er torf- og grjóthlaðin og sést í hleðslur að innanverðu, 1-2 umför. Hleðslurnar sjást best í austurvegg. Hæð veggja er 0.5-0.6 m að innan en aðeins 0.2-0.3 að utan. Tóftin er grafin inn í brekkuna við klettana. Nokkuð hrun er innan í tóftinni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en að öllum líkindum hefur þetta verið einhverskonar útihús. Það er ekki merkt inn á túnakortið frá 1918 og hefur því líklega verið komið úr notkun þá.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

SF-014:043 brú brú A: 707019 N: 443259

Brú 043 liggur yfir lítinn læk, horft til norðausturs

Lækur rennur niður frá Svínhólafjalli til suðurs og niður i Lónið, allnokkru vestan við heimatún Svínhóla. Lítil trébrú er yfir lækinn, um 820 m suðvestan við bæ 001 og 110 m ANA við fjárhús 047. Hún er neðan við gömlu þjóðleiðina 038.

Svæðið er smáþýft og grasi vaxið. Lækurinn rennur niður frá Svínhólafjalli til suðausturs. Brúin er einföld trébrú með tveimur plönkum sem lagðir hafa verið yfir lækinn og eru orðnir vel grónir og algerlega jarðfastir. Nokkur mosi grær á viðnum. Brúin er um 0.6 m löng og 0.3 m á breidd. Óvíst er hvort að brúin sé 100 ára eða eldri og flokkist þar af leiðandi sem fornleifar en vegna þess að framkvæmdir eru áætlaðar á svæðinu er hún látin njóta vafans.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

SF-014:044 heimild útihús A: 707787 N: 443613

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918, rúmum 85 m suðaustan við bæ 001 og 30 metrum vestan við traðir 024, á þeim hluta túnsins sem tilheyrði vesturbæ Svínhóla. Túnið sem útihúsið var á hefur verið sléttað. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

SF-014:045 tóft óþekkt A: 707852 N: 443812



Hleðsla 045 upp við túngarð 025C, horft til norðvesturs (vinstri) og uppmæling af hleðslunni (hægri).

Lítil grjóthlaðin tóft er samföst túngarð 025c rúmum 170 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 40 m norðan við Fjárhúskletta 018. Hún er utan við túngarðinn. Svæðið í kringum hleðsluna er grasi vaxið og smáþýft. Mikið er af litlum klettum um allt svæðið. Tóftin er 3.5x2 m að stærð og snýr norðvestur- suðaustur. Hún er mjög hrunin inn og gróin og því erfitt að greina innanmál. Það er nú um 1x1 m en hefur áður verið meira. Hæð veggja er 0.1-0.2 m. Nokkuð er um járn- og viðarleifar innan tóftar og mikið er af stóru grjóti sem hrunið hefur inn. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en hefur að öllum líkindum verið einhverskonar útihús.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

SF-014:046 gerði naust A: 706945 N:44318



Einföld hleðsla 046, horft til norðurs (vinstri) og uppmæling af hleðslunni (hægri)

Lítið grjóthlaðið gerði er rúmum 930 m suðvestan við bæ 001 og 60 m SSA við fjárhús 047. Það er um 50 metrum

ofan við sjávarbakkan í skjólsælli aflangri laut. Svæðið er grasi vaxið. Há nokkuð aflíðandi brekka er norðan við lautina.

Gerðið er einföld grjóthleðsla, nokkrir steinar í röð sem liggja norður-suður á 2,5 m löngum kafla. Sitthvoru megin við það liggja 1-2 steinar í röð útfrá því til vesturs. Líklega hafa þeir verið fleiri áður og náð mun lengra til vesturs. Gerðið er 2,5x1,5 metrar að stærð og liggur norður-suður. Hæð þess er aðeins um 0.1-0.2 m og 1 umfar af grjóti. Innanmál er 2x0,5 m og er gerðið opin til vesturs. Ekki er vitað í hvaða tilgangi mannvirkið var reist en þar sem að það er nálægt sjó og gott skjól er frá hæðinni sem er norðan við hana er talið líklegt að þarna gæti hafa verið naust. Grjóthleðslurnar eru nokkuð sokknar og grónar og rétt sést glitta í steinana á milli grassins.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

SF-014:047 tóft fjárhús A: 706914 N: 443226



Tóft 047, horft til norðvesturs (vinstri) og uppmæling af tóftinni (hægri)

járhústóft er 5 metrum sunnan við gömlu þjóðleiðina 038 og 940 m suðvestan við bæ 001, þar sem rafmagnslínur liggja yfir svæðið frá austri til vesturs. Svæðið umhverfis tóftina er nokkru hærra svæðið í kring og er hækkunin greinilegust að sunnan og austan. Allt í kring um tóftina er smáþýft og grasi vaxið. Lækur með brú 043 er um 100 m austan við tóftina.

Tóftin er 15x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún virðist vera aðallega torfhlaðin og eru hleðslur hennar mjög sokknar og útflattar og veggjahæð aðeins um 0.2-0.3 metrar. Tóftin er einföld en hugsanlega hefur annað hólf verið nyrst í henni en það er ekki sjáanlegt lengur. Innanmál tóftarinnar er 8 x 2,5. Gróinn lágur garði liggur í miðju hennar og er jafnhár og veggir en aðeins um 0.6 m á breidd á meðan veggir tóftarinnar eru 1 m á breidd. Tvær dældir eru rétt upp við tóftina og fengu þær tölustafina A og B il aðgreiningar. Dæld A er austan við tóftina og snýr norður-suður. Hún er 4x3,5 m að stærð og um 0,4 m á dýpt. Dæld B er suðaustan við tóftina og snýr austur-vestur. Hún er 2x1,5 að stærð og um 0,3 m á dýpt. Hlutverk tóftarinnar er að öllum líkindum fjárhús og líklega hefur verið hlaða nyrst í tóftinni en innanmál hennar var alveg sokkið og útflatt. Hlutverk dældanna er óþekkt og ekki víst hvort að þær tengist fjárhúsinu eða ekki.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

SF-014:048 þúst óþekkt A: 707755 N: 443709



Þúst 048 austan við bæjarhól, horft til norðvesturs (vinstri) og uppmæling af þústinni (hægri)

Aflöng þúst er tæpum 30 m norðaustan við bæ 001, 10 metrum austan við austurvegg hesthússins sem byggt var um 1970. Lítill klettur er í túninu um 20 m norðaustan við þústina. Svæðið hefur verið sléttað undir tún sem enn er í rækt. Þústin er 12,5 x 8 m að stærð. Hún snýr norður-suður og hæð hennar er 0.4 m. Afar líklegt þykir að í henni reynist mannvistarlög undir sverði, hugsanlega hefur útihús verið á þessum stað sem sléttað var í túnið.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Niðurstöður

Þeir skipulagsreitir sem skoðaðir voru með tilliti til fornleifa haustið 2018 voru í landi Svínhóla í Lóni og ná frá Össurá í austri að landamerkjum Reyðarár í vestri. Úttekt á minjum var gerð þar sem áætlanir eru uppi um að byggja hótel á svæðinu og minni hús þar í kring. Í tengslum við þessar áætlanir hafa verið markaðir af fjórir skipulagsreitir en að þessu sinni voru teknir út þrír þeirra, reitir 1-3.

Árið 2016 fór fram fornleifaskráning á skipulagsreitum í landi Svínhóla. Annarsvegar var um að ræða lítinn reit undir hótel í Össurárdal og vegstæði inn dalinn og hinsvegar svæði vestan við heimatún Svínhóla. Síðarnefnda svæðið er hluti þess svæðis sem kannað var að þessu sinni en fallið hefur verið frá hugmyndum um að reisa hótel inni á dalnum. Haustið 2018 var farið aftur á staðinn en þá hafði skipulagssvæðið í túnum Svínhóla verið stækkað og markmið skráningar að taka það út. Alls voru skráðar 33 minjaeiningar en af þeim höfðu þrjá verið skráðar árið 2016 (rétt 019, garðlag 031 og þúst 033). Ummerki um langflesta minjastaðanna sáust enn á vettvangi en engin ummerki sáust þó um sjö minjastaðir og að auki var staðsetning eins minjastaðar óþekkt, bænhús 002. Einhver ummerki sáust sem fyrr segir um aðra minjastaði. Langflestar af þeim tóftum sem skráðar voru reyndust nokkuð vel uppistandandi og sáust vel.

Hlutverk minjanna sem skráðir voru reyndist fjölbreytilegt. Flestir tengdust landbúnaði, s.s. ýmiskonar skepnuhús og réttir, túngarðar og kálgarðar. Þrjár samgönguminjar voru skráðar; tvær götur og ein brú. Á jörðinni var skráður huldufólksbústaður sem tengist þjóðtrú Íslendinga fyrr á öldum en einnig einn minjastaður sem tengist sjósókn, naust. Auk þess eru heimildir um bænhús á jörðinni þrátt fyrir að staðsetning þess sé þó týnd. Hlutverk fimm minjastaða var óþekkt. Flestir voru sléttaðar þústir og grjóthleðslur sem ekki var getið í neinum heimildum en einnig var skráð varða (á Brennukletti) sem ekki er vitað í hvaða tilgangi var hlaðin.

Hlutverk	**Fjöldi**
bæjarhóll	1
brú	1
bænhús	1
útihús (fjárhús, hesthús, hlaða, fjós)	13
huldufólksbústaður	1
kálgarður	3
leið/traðir	2
naust	1
rétt	2
smalakofi	1
stekkur	1
túngarður	1
hleðsla, hlutverk óþekkt	1
þúst, hlutverk óþekkt	2
varða, hlutverk óþekkt	1
garðlag, hlutverk óþekkt	1
Samtals	33

Allar minjar innan skipulagsreits eða í 15 m fjarlægð frá honum voru skráðar í stórhættu vegna framkvæmda. Stór hluti heimatúns Svínhóla er utan skipulagsreita þar sem ákveðið var að undanskilja það í afmörkun skipulagsvæðis 2. Ástæðan var sú að þar er ljóst að miklar minjar eru og því er svæðið ekki vænlegur framkvæmdareitur. Þrátt fyrir þetta var ákveðið að skrá allar þekktar minjar í heimatúninu, hvort sem þær voru innan eða utan reitsins til að fá betri yfirsýn yfir minjadreifingu á svæðinu. Alls voru 9 minjastaðir sem féllu innan þessarar skilgreiningar, þ.e. innan heimatúns en utan skipulagsreita og helgunarsvæði fornleifa. Þetta voru SF-014:003, SF-014:004, SF-014:005, SF-014::023, SF-014:032, SF-014:037, SF-014:040, SF-014:044 og SF-014:048. Alls voru því 24 fornleifar innan skipulagsreits og helgunarsvæðis með bænhúsi SF-014:002, hvers staðsetning er óþekkt.

Svæði	Stærð (ha)	Fjöldi fornleifa
Svæði 1	5.1	3
Svæði 2	9.5	17
Svæði 3	19.7	3
Utan skipulagssvæðis	-	9
Staðsetning óþekkt	-	1
Samtlas fjöldi		**33**



Skipulagsreitirnir fjórir. Skipulagsreitur 4 var ekki til úttektar að þessu sinni, en þjóðleið 038 var mæld upp af loftmynd á þeim kafla sem fellur innan svæðis 4.

Ljóst er að þar sem skipulagsreiturinn umlykur allt heimatúnið gætu fornminjarnar þar orðið fyrir áhrifum frá framkvæmdum, þrátt fyrir að vera utan skipulagssvæðis. Allir minjastaðir í heimatúni, utan skipulagsreits voru því skráðir í hættu vegna framkvæmda. Rétt er að taka fram að þrátt fyrir að fornleifar innan skipulagsreits teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask á þeim sé óhjákvæmilegt heldur aðeins að þær eru innan áhrifasvæðisins og því þurfi að gæta að þeim. Í mörgum tilfellum ætti að vera hægt, í samvinnu við Minjastofnun Íslands, að tryggja að framkvæmdir eyðileggi ekki fornleifarnar. Í lokin er þó rétt að geta þess að þar sem ekki verður komist hjá raski, úrskurðar Minjastofnun Íslands hvort og með hvaða skilmálum fornleifarnar mega víkja.



Kortið sýnir nærmynd af skipulagsreitum 1 og 2 og staðsetningu skráðra fornleifa miðað við þá og helgunarsvæðið.

Heimildaskrá

Útgefnar heimildir

BAS I: *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu (*1971). I. bindi. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

Björn Lárusson (1967). *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn.* I-XV (1857-1972). Kaupmannahöfn /Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Gunnþórunn Jónsdóttir (2018). ”Lúxusupplifum á landsbyggðinni.” *Vísir*, 30. júní 2018.

JJ: Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Lilja Laufey Davíðsdóttir (2016). *Fornleifaskráning innan deiliskipulagsreita á Svínhólum og í Össurárdal í Lóni.* Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. (FS641-16331).

Sigurjón Snjólfsson: Sigurjón Snjólfsson (1975). „Á við og dreif: Æskuminningar úr Lóni.“ *Goðasteinn: Tímarit um menningarmál, 14*: 3-15.

SSS: *Skaftafellssýsla. sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873.* (1997). Reykjavík: Sögufélag.

Tíminn 28.9.1969: Sigurjón Snjólfsson (1969). ”Össurárdalur.” *Tíminn*, 28. september 1969, 765-766.

Tíminn 12.4.1970: Sigurjón Snjólfsson (1970). „Minningahrafl úr Lóni og Hornafirði.“ *Tíminn*, 12. apríl 1970, 285-286.

Óútgefnar heimildir

Landamerkjabréf: *Skaftafellssýsla. Landamerkjabók 1884-1958*. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands
Túnakort: Túnakort Svínhóla (1920). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.
Uppdráttur Íslands (1936). *106 Hornafjörður*. Tekið af vef islandskort.is
Ö-Svínhólar: Örnefnaskrá Svínhóla [án ártals]. Stefán Einarsson skráði. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðun, Örnefnasafn.
Örnefnakort: Örnefnaloftmyndir af Svínhólum [án ártals]. Reykjavík: tofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðun, Örnefnasafn.

Heimildamenn

Áslaug Eiríksdóttir - 21. júlí 1950
Guðmundur Eiríksson - 14. desember 1951

Viðauki 1 - Hnitaskrá

Samtala	X	Y
SF-014:001	707734	443682
SF-014:003	707729	443697
SF-014:004	707770	443675
SF-014:005	707712	443686
SF-014:006	707728	443771
SF-014:007	707966	443800
SF-014:010	708253	443966
SF-014:016	707691	443739
SF-014:017A	707706	443758
SF-014:017B	707711	443776
SF-014:018	707855	443767
SF-014:019	707424	443656
SF-014:020	707835	443762
SF-014:021	708261	443970
SF-014:022	707824	443770
SF-014:023	707750	443690
SF-014:024	707781	443654
SF-014:025A	707702	443769
SF-014:025B	707818	443823
SF-014:025C	707856	443808
SF-014:025D	707893	443575
SF-014:031	707442	443616
SF-014:032	707746	443659
SF-014:033	707569	443512
SF-014:037	707900	443720
SF-014:038	707735	443508
SF-014:039	707895	443572
SF-014:040	707764	443601
SF-014:041	707742	443777
SF-014:042	707687	443756
SF-014:043	707019	443260
SF-014:044	707788	443614
SF-014:045	707852	443813
SF-014:046	706946	443181
SF-014:047	706914	443227
SF-014:048	707753	443713

Viðauki 2 - Minjakort





Skýrningar

- Staðsetning fornminja
- Útlínur túns frá 1918
- Klettar
- Skipulagsreitur
- Bæjarhóll/þúst
- Leið

0 50 100 150 200 m

Svínhólar SF-014 - Heimatún